

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Háskóladagurinn verður haldinn í dag. Opið hús er í öllum þremur háskólum borgarinnar: Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Listaháskólanum. Þessi dagskrá hefur ætíð verið vel sótt. Þarna má kynnst efnafræði, verkfræði, lögfræði, leiklist, bókmenntafræði og jafnvel stúdentapólitíkinni og næstum hverju sem er. Víst er að á háskóladeginum geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Dagskráin hefst á hádegi í dag, laugardag, og stendur til klukkan 16.

Stuðningur við hugmyndir um Ofbeldisvarnarráð í Reykjavík:

„Ofbeldi er aldrei einkamál“

Víð stjórnáamenn eigum að senda skýr skilaboð til samfélagsins um að við líðum ekki ofbeldi. Ofbeldi er aldrei einkamál gerenda og þolenda og það hefur víðtæk neikvæð áhrif á þá sem fyrir því verða, á aðstandendur og á samfélagið allt,“ segir Líf Magneudóttir, formaður Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar.

Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sagði nýlega að heimilsofbeldi væri meiri ógn í samfélaginu heldur en hryðjuverkaógnir eða skotárásir. Hún stakk upp á ofbeldisvarnarráði í þessu sambandi. Heiða Björg segist í samtali við Reykjavík vikublað hafa fengið jákvæð viðbrögð við hugmynd sinni. Líf Magneu-

dóttir segir að skýr skilaboð yrðu send með því að stofna slíkt ráð. „Um leið og við vinnum markvisst að því að útrýma heimilsofbeldi í Reykjavík. Ég myndi því vilja skoða og ræða þessa hugmynd Heiðu Bjargar af fullri alvöru.“

Sjá bls. 2.

Tveggja milljarða greiðsla til eigenda HS veitna:

Birtingarmynd óæskilegrar einkavæðingar

Ég tel að það þurfi að skoða þetta betur," segir Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins og fulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Hann segist „hugsí“ yfir tveggja milljarða greiðslu HS veitna til eigenda sinna og spyr hvort hér kunni að vera birtingarmynd óæskilegrar einkavæðingar. Þó þurfi að ígrunda gagnrýni á gjörninginn vandlega. Löggjafinn hafi skapað þennan farveg og sterk rök þurfi til þess að breyta lögum.

Reykjavík vikublað greindi frá því fyrir viku að Reykjanesbær, Hafnarfjarðarbær og HSV samlagshlutfélag, eigendur HS veitna, hyggjast láta greiða sér tvo milljarða króna út úr fyrirtækinu, en greiða ekki skatta eins og ef um arðgreiðslu yrði að ræða. Til stendur að lækka hlutfé sem nemur þessari upphæð, þó án þess að eignarhlutföll skerðist. Félagið hyggst taka lán fyrir þessari útgreiðslu til eigendanna. Væri þetta gert sem arðgreiðsla, myndu greiðslur til sameignlegra sjóða nema um 400 milljónir króna. Reykjanes fær um helming greiðslunnar. HSV sem Heiðar Már Guðjónsson er í forsvari fyrir fær á milli 6 og 700 milljónir króna og Hafnarfjarðarbær 300 milljónir. Sandgerði sem á brot úr prósentu fær um eina milljón króna. Þriðjungur félagsins var í fyrra einkavæddur og seldur Heiðari Má og viðskiptafélögum hans. Hann hefur fengið drjúgan hluta kaupverðsins til baka nú þegar.

Vekur spurningar

Háskólamenn sem Reykjavík vikublað hefur rætt við hafa sagt þennan gjörning vekja spurningar, eða jafnvel sagt hann óeðlilegan, en búast megi við að hann standist lög. Einn viðmælandi blaðsins, sérfræðingur utan háskólasamfélagsins, spurði sig raunar hvort gjörningurinn kynni að brjóta í bága við 11. grein laga um tekjuskatt. Sú



grein fjallar um skattskyldan arð, og sagði viðmælandinn sennilegt að líta bæri á þessa greiðslu út úr fyrirtækinu sem arðgreiðslu. Enginn fullyrti þó að um lögbrot væri að ræða.

Ábyrgt gagnvart nærsamfélaginu?

Willum Þór Þórsson spyr ennig hvort þessi aðferð eigenda HS veitna sé þjóhagslega ábyrg, og svarar spurningunni neitandi. Hins vegar þurfi einnig að svara þeirri spurningu hvort aðferðin sé samfélagslega ábyrg, til dæmis með tilliti til þeirra nærsamfélaga sem málið snertir.

Forstjóri HS veitna sagði um þetta mál í fréttum Stöðvar 2, aðspurður um hvort eðlilegt væri að ekki væri greiddur af þessu skattur, sagði hann að sem íbúi Reykjanesbæjar, vildi hann heldur að bærinn fengi milljarð úr fyrirtækinu en 800 milljónir. Þá hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkt að verja fénu til að greiða niður skuldir. Bæði sveitarfélögin eru mjög skuldsett. Reykjanesbær þó sérstaklega.

Rifleg framlög frá öðrum

Bæði sveitarfélögin hafa fengið rifleg framlög frá öðrum sveitarfélögum og ríkinu í formi framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Á síðasta ári námu framlögin til þeirra samtals 2,8 milljörðum króna, og fékk Reykjanesbær tvo þriðju, eða sem svarar um 110 þúsund krónum á íbúa í sveitarfélaginu.

Ríkið greiðir um helming fjárens í jöfnunarsjóðnum, en stærsta framlag sveitarfélaganna kemur úr vösum reykviskra skattgreiðenda.

Hugmyndir um Ofbeldisvarnarráð fá góðar viðtökur:

Allir sjá vandann

Ég hef fengið mjög góð viðbrögð við þessu, en það er ekki komin nein endanleg útfærsla á þessu," segir Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. Hún lagði nýlega til, í umræðum í borgarstjórn um kynferðisofbeldi, að stofnað yrði Ofbeldisvarnarráð. „Ég held að það sjái allir vandann og mikilvægi þess að stjórn málin taki þetta á sitt borð. Þetta er mál sem við eigum að fást við.“

Þetta eigi við kynferðisofbeldi, heimilisofbeldi og allt annað ofbeldi.

Líf Magneudóttir, formaður Mannréttindaráðs borgarinnar, tekur undir þessar hugmyndir: „Það er mikilvægt að stjórnvöld sýni að þeim sé alvara með að útrýma ofbeldi. Til þess þarf að grípa til áþreifanlegra aðgerða sem skila árangri eins og við gerðum nýlega í Reykjavík með því að innleiða „Suðurnesjaleiðina“ hér. En við getum líka gert meira en bara það. Við stjórn málamenn eigum að senda skýr skilaboð til samfélagsins um að við líðum ekki ofbeldi," segir Líf.

Suðurnesjaleiðin hefur oft verið kennd við aðferð sem Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins og Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögreglustjóri, hrintu í framkvæmd í heimilisofbeldismálum á Suðurnesjum með góðum árangri, áður en þær hófu störf í Reykjavík.

Alda Hrönn lýsti aðferðarfræðinni í viðtali við Reykjavík vikublað fyrir skömmu. Þegar yfirvöld fái vitneskju um eða útkall í heimilisofbeldi sé reynt að ná til bæði brotaþola og geranda. „Það skiptir máli að ná til brotaþola og veita honum aðstoð sem hann þarf í þessum aðstæðum. Fólk er ekki sjálfviljugt í þessum aðstæðum. Það er brýn ástæða til að grípa inn í og aðstoða brotaþola. Oft eru líka börn á heimili. Þau eru ekki sjálfbjarga þar," sagði hún meðal annars. Félagspjónsta og/eða barnavernd eru jafnframt kölluð til, með hagsmuni brotaþola að leiðarljósi.



Háskólastofnanir á ferð og flugi:

Tugmilljóna flutningur Reiknistofnunar

Unnið er að því að búa til nýja tölvusal fyrir Reiknistofnun Háskóla Íslands, en stofnunin flytur senn úr húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar við Sturlugötu og í húsnæði í eigu Háskólans við Neshaga. Þessir flutningar hafa í för með sér mikinn kapal flutninga annarra stofnana háskólans, og hafa dómínóahrif úr vesturbæ og alla leið upp í Borgartún.

Á milli 35-40 starfsmenn eru hjá Reiknistofnun. Töluverðar framkvæmdir fylgja gerð tölvusalarins og nauðsynlegum lögnum. „Kostnaður vegna nýs tölvusalar hleypur á tugum milljóna," segir Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs hjá Háskóla Íslands. Hann segir að húsnæðið á Neshaga 16, sem er í eigu skólans, „smellpassi“ fyrir Reiknistofnun. „Reiknistofnun getur ekki verið hvar sem er. Það má enginn dauður tími verða í kerfinu. Það þarf

allt að vera í lagi þegar kemur að raforku, kælingu eða slíku. Þannig að það eru gerðar ákveðnar kröfur til staðsetningar og húsnæðis," segir Guðmundur.

„Grásíða“ á faraldsfæti

Í húsinu hafa háskólastofnanir sem nú tilheyra Árnastofnun haft aðstöðu um áratuga skeið. Þær munu nú flytja í húsnæði til bráðabirgða, meðan beðið er eftir húsi Íslenskra fræði.

Orðabók háskólans hefur lengi verið á Neshaga 16, og þar er nú einnig málræktarsvið Árnastofnunar og Örnefnastofnunar. Orðabókin geymir „Grásíðu“ seðlasafn ritmálsorðabókarinnar. Hún geymir 2,5 milljónir dæma um notkun um 700 þúsund íslenskra orða, á seðlum þar sem dæmin hafa verið skrifuð niður í áratuganna rás. Hluti seðlanna hefur verið skannaður og hluti dæmanna jafnframt sleginn inn. Grásíða sjálf er stór grár skápur úr

Gagnrýna Hæstarétt

Feministafélag Íslands, Kvænnaathvarfið, Kvænnaáðgjöfin, Kvenfélagsamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Stígamót og W. O. M. E. N. – Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi afhentu í vikunni Ólöfu Nordal, innanríkisráðherra áskorun. Þar fordæma samtökin allt ofbeldi og gera jafnframt „alvarlegar athugasemdir“ við meðferð nálgunarannsóka hjá Hæstarétti.

„Í síðasta mánuði felldi Hæstiréttur úr gildi þrjá úrskurði um nálgunarbann, og svipti þar með þrjár konur stjórnarskrárvörðum rétti sínum til að njóta réttar til friðhelgi einkalífs og heimilis.“ Samtökin vekja sérstaka athygli á einum dómanna og gagnrýna veikan rökstuðning: „Þessi dómur var felldur að teknu tilliti til þess að brotamaðurinn dreifði kynlífsmyndbandi á meðal vinnufélaga og vina brotaþola á meðan á dvöl hennar í Kvænnaathvarfinu stóð. Dómarnir endurspeglar að skilningsleysi á anda laganna og óraunhæfar kröfur um líkur á endurteknu ofbeldi, loksins þegar lögreglan sýnir vilja til þess að beita lögum um nálgunarbann og láta á þau reyna.“



stáli þar sem seðlarnir með orðadæmunum hafa verið geymdir. Hún vegur mörg tonn ásamt seðlum og tekur all nokkuð pláss. Ætla má að þeir flutningar geti orðið vandasamir.

Hringnum lokað

Þessi starfsemi á að flytja á Laugarveg 13, þar sem Rannís hefur verið með starfsemi að hluta. Sú starfsemi fer aftur í Borgartún.

En á Sturlugötuna, í hús Erfðagreiningar, segir Guðmundur R. Jónsson, eiga að fara lífvísindagreinar Háskólans, enda þyki fara betur á því að þær séu þar með skyldri starfsemi, en tölvufólk og græjur fari annað.



LEIÐARI



Tortóla er víða

Það er bæði fúlt og forkastanlegt að hópur fólks skuli segja sig úr lögum við samfélagið með milljarðasn að minnsta kosti tvisvar.

Ingimar Karl Helgason

Ummæli með erindi:

„Konur eru spurðar um mjög persónulega hagi leiti þær til heilbrigðiskerfisins íslenska með ósk um fóstureyðingu,“ segir Auður Styrkarsdóttir á Facebook. „Spurt er um maka og sambúðarmenn, hugsanlega og óhugsandi, fjárhag og foreldra, menntun og atvinnu, fyrri heilsufarssaga, óléttur og fæðingar o.s.frv. Í alvöru. Hvað segir

Persónuvernd um svona upplýsingasöfnun? Þetta leyfði tíðarandinn þegar löggin voru sett 1975, en ég vissi ekki að Kerfið væri enn að halda þessu til hoga. Til hvers?“

- Auður Styrkarsdóttir á Facebook.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Endurhæfing

Ríkislögreglustjóri vill láta útbúa „sérstök félagsleg úrræði“ fyrir þá einstaklinga sem verða fyrir „áhrifum róttækni“ í landinu. Forsætisráðherrann hefur lýst eigin stefnu sem róttækri rökhyggju. Nú spyr fólk hvort til standi að senda forsætisráðherrann og kjósendur Framsóknarflokksins í hugmyndafræðilegar endurhæfingarbúðir að hætti Haraldar Johannessen, ríkislögreglustjóra.



fulltrúar eiga að þvælast fyrir honum eða fjölmiðlar. Ekki einu sinni löggan. Sagt er að þegar fulltrúar lögreglunnar fóru um sveitarfélög til að afla stuðnings við samstarf um aðgerðir gegn heimilisofbeldi hafi viðbrögðin í Garðabænum verið önnur en víðast hvar. Nefnilega að verkefnið væri óþarft þar í bænum. Þar væri allt í himnalagi.



Seinkun


Enda þótt fréttum um klúður og slys hjá ferðapjónustu fatlaðra hafi farið fækkandi, þá fjölgar dæmum um ýmis önnur klúður. Til að mynda eru ýmis dæmi um að aðrar upplýsingar séu á vef Strætó en á skiltum á biðstöðvum. Þetta veldur farþegum verulegum óþægindum sem missa af vögnum vegna þessa. Ekki síst þegar leiðindaveður er almennt ríkjandi eins og undanfarið.

Öfund

Duglega blaðamenn Morgunblaðsins rak í rogastans um síðustu helgi þegar ritstjóri þeirra birti í nafnleysi stórfrétt í svonefndu Reykjavíkurbreffi. Komið hefur á daginn að þarna var á ferðinni misheppnuð tilraun til að kenna Geir H. Haarde um tugmilljarða mistök í Seðlabankanum. Geir tók við stöðu sendiherra Íslands í Bandaríkjunum í vikunni. Kannski skýrist tímasetning Reykjavíkurbrefins af öfund. Það er ólíku saman að jafna að ljúka pólitískum ferli í virðingarsöðu sem opinber fulltrúi þjóðarinnar erlendis, eða sem skótsveinn nokkurra auðmanna heima á fróni.

Lúserar?

Jóhann Jóhannsson tónlistarmaður hefur unnið stórkostleg afrek á alþjóðavettvangi og verið tilnefndur til allra helstu verðlauna hins vestræna heims fyrir kvikmyndatónlist í The theory of everything. Eftir að hann vann Golden Globe verðlaunin, hafa íslenskir fjölmiðlar hæpað upp vonir um Óskarin. Hann hlaut annar fyrir tónlist í annarri mynd. Fréttamiðlar sögðu hins vegar flestir fréttina: Jóhann tapaði. Þannig hafa þeir sömu og oft hafa fyrirfram gert íslensk karlalandslið að heims- og olympiameisturum, einnig að þessu sinni gert sitt besta til að breyta sigurvegara í lúser.



Í himnalagi

Bæjarstjórinn í Garðabæ virðist telja best að rekstur bæjarins sé best geymdur í einni skúffu, sem enginn fær að líta í nema hann. Engir kjörnir

Beðið eftir húsnæðismálaráðherra

Það er mikill gangur í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Borgin er í samvinnu við leigu- og húsnæðisfélög sem rekin eru án arðsemissjónarmiða eins og Félagsstofnun stúdenta, búsetufélög aldraðra, Félagsbústaði og húsnæðis-samvinnufélög. Á þriðja þúsund íbúða eru, eða munu fara, í byggingu á næstu árum. Auk þess mun borgin setja sem skilyrði að 25% af íbúðum á nýjum uppbyggingarsvæðum verði leigubúðir. Fjölbreytt framboð húsnæðis er forsenda þess að fólk geti valið sér búsetu án tillits til efnahags.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokks-



Höfundur er Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingkona Samfylkingarinnar

ins eru þó ekki ánægðir. Þær gagnrýna tillögurnar og telja þetta ekki nóg og

taka of langan tíma. Það er eðlilegt að þær séu óþreyjufullar enda er ástandið í húsnæðismálum grafalvarlegt. En hvar stendur hnifurinn í kúnni? Flokkssystir þeirra, Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra hefur ekki lagt fram eitt einasta frumvarp á sviði húsnæðismála frá því hún tók við embætti fyrir tæpum tveimur árum.

Endurunnin húsnæðisstefna

Þegar nýr ráðherra tók við embætti lá fyrir húsnæðisstefna í ráðuneytinu og frumvarpsvinna var í gangi. Í stað þess að halda vinnunni áfram var byrjað upp á nýtt. Ári síðar lagði hún fram nánast samhljóða stefnu. Ekkert bolar á frumvörpum um stofnstyrki til húsnæðisfélaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða, um aukið svigrúm leigufélaga til afskrifta, um lækun fjármagnstekjuskatts af leigutekjum einstaklinga sem ekki eru í atvinnu-

rekstri og um tímabundið frítekjumark leigutekna vegna bráðavanda.

Síðast en ekki síst biðum við eftir frumvarpi um nýtt húsnæðisbótakerfi sem mismunar ekki fólki sem á og leigir. Í dag er staða margra með meðaltekjur og lægri sú að þeir hafa ekki efni á að kaupa, þurfa að borga háa leigu en hafa of háar tekjur til að fá húsaleigubætur. Sama fólk fengi vaxtabætur hefði það efni á að kaupa sér íbúð.

Áhugaleysi ríkisstjórnarinnar

Húsnæðismálaráðherra hefur hingað til ekki náð neinum árangri í málaflokknum sem hún kennir sig sérstaklega við. Svo virðist sem henni takist ekki að afla fylgis innan ríkisstjórnarinnar við húsnæðismálin og fái ekki þá fjármuni sem nauðsynlegir eru til að tryggja húsnæðisöryggi allra landsmanna. Ríkisstjórn ríka fólksins skilur ekki vandann.


Í FRÉTTUM

Hrósið

Vinstri græn hafa tekið afstöðu með verkalyðshreyfingunni og kröfum um hækkun lægstu launa. Forsætisráðherrann steig mikilvægt skref í vikunni og tók undir þetta að nokkru leyti. Hann hefur talað um krónutöluhækkunir á lægstu laun og bætti við úr ræðustól Alþingis að 300 þúsund krónur væru ekki há laun. Fólk eigi að geta lifað mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum. Þær eru einmitt kröfur verkalyðshreyfingarinnar. Vonandi nú að forsætisráðherrann fylgi þessum orðum eftir, þar sem verk ríkisstjórnarinnar hingað til hafa einkum verið í þágu efnafólks og auðmanna.

Múrar

Umfjöllun María Lilju Þrastardóttur um fóstureyðingar, í Stundinni, hefur vakið mikla athygli. María Lilja gekk sjálf í gegnum fóstureyðingu og hélt dagbók, sem hún hefur unnið upp úr. „Alls konar hormónasveiflur og tilfinningar gerðu vart við sig og gera enn hálfu ári síðar,“ segir hún meðal annars, en upp úr standi lærdómur um takmarkanir og múra sem konur í þessari stöðu rekast á.



Ímyndun?

Ríkislögreglustjóri birti mat sitt á hryðjuverkahættu. Þar segir að lögregla viti um fólk hér á landi sem geti og vilji fremja v o ð a v e r k . Hættan fer upp um eitt stig. Úr „litlu“ í „meðal“. Það þýðir að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum hér á landi. Innanríkisráðherra segir að gæta verði að öryggi borgaranna.



Veruleiki

Flensufaraldur ógnar öryggi borgaranna. Bráðamóttaka Landspítalans er full. Húsnæðið er ófullnægjandi og illa fer um veika og slasaða. Aðgerðum er frestað. Fatlaðir gleymast í bílum. Margir neita að láta bólusetja börn sín sem gæti haft faraldra í för með sér. Óveður ógna samgöngum og skólalahlá í Reykjavík hefur legið niðri vegna ófærðar. Innanlandsflug lagðis af og flug til og frá landinu raskaðist. Snjóflóð féll í byggð. Hús voru rýmd. Eldgos stendur enn norðan heiða. Óvíst er um framhaldið.

Stór styrkur

Inga Dóra Sigfúsdóttir, próffessor við Háskólann í Reykjavík, hefur hlotið 300 milljóna króna rannsóknarstyrk frá Evrópska rannsóknarráðinu. Inga Dóra hefur um árabíl stundað mikilvægar rannsóknir á líðan og heilsu barna og leiðum til að bæta.



REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

8. TBL. 6. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Vefvang: fotspor.is, Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com, Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarblaðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarblaðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenkskurmatur.is. Umbrot: Prentsníð, Prentun: Landsprent, 50.000 eintök. Dreifing: Póst: dreifing

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

SAMFÉLAGSUMRÆÐA

Úr eigin vasa?

Samkvæmt 76. grein íslensku stjórnarskrárinnar skal öllum, sem þess þurfa, tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Nú hafa mál skipast svo í samfélaginu að skilin á milli þátttöku hins opinbera og einkageirans hvað varðar þjónustu er ekki lengur ljós. Í úttekt sem framkvæmd var af einu fremsta ráðgjafafyrirtæki heims Boston Consulting Group á vegum velferðarráðuneytisins í ráðherratið Guðbjarts Hannessonar er m.a. fjallað um skipulag heilbrigðiskerfisins og ráðstöfun fjármuna. Þar kemur fram að bæta þurfi til muna áætlanagerð og árangursstjórnun í heilbrigðiskerfinu og einnig að stjórnvöld þurfi að hafa stefnu. Stjórnmalameinn eigi ekki að ætlast til þess að starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar geti veitt fullkomna heilbrigðisþjónustu án þess að tryggja því um leið nægilegt fjármagn til að svo megi vera. (Jakob Falur Garðarsson, Heilbrigðisþjónusta og forgangsröðun, Viðskiptablaðið).

Árekstrar

Í október 2012 kom út önnur skýrsla ráðgjafarhóps sem kanna átti einkarekna heilbrigðisþjónustu undir titlinum: Hver stendur vörð um réttindi og öryggi sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni?

Það er athyglisvert að ráðgjafarhópurinn telur að starf hans geti best orðið að gagni setji hann sig í spor almennings og skoði heilbrigðisþjónustuna gagnert frá þeim sjónarhóli.

Hópurinn segir m.a.: „Ljóst er að hinn almenni borgari metur stöðu sína gagnvart heilbrigðisþjónustunni frá ýmsum sjónarhornum. Það sem fyrst kemur í huga eru réttindi fólks til að fá heilbrigðisþjónustu sem veitt er og varin samkvæmt lögum. Þessi réttur eru hluti þess samfélagsáttmála sem í gildi er. Ráðgjafarhópurinn telur að góð sátt, skilningur og viðurkenning á heilbrigðisþjónustu á félagslegum grunni hafi almennt verið og sé enn til staðar hjá meginþorra fólks. Á síðustu tveim áratugum eða svo hafa spurn-

ingar þó vaknað um ágæti þessa sáttmála. Tvennt stendur upp úr í því efni. Annað lýtur að því hvernig staðið er að því að veita heilbrigðisþjónustuna, hitt tekur til jafnræðissjónarmiða og lögvarins réttar almennings.

Færst hefur í vöxt hér á landi að heilbrigðisþjónusta sé veitt jöfnun höndum af opinberum stofnunum og einkaaðilum. Almennt er viðurkennt að aðstæður þurfi að vera fyrir einkarekna heilbrigðisþjónustu til jafns við hina opinberu. Slíkt gefur færi á vali fólks og er iðulega talið fjárhagslega hagkvæmt. Reynslan frá öðrum löndum er sú að sé ekki skilmerkilega gengið frá reglum og starfskilyrðum allra þeirra sem heilbrigðisþjónustu veita geti komið til árekstra milli þessara tveggja megin rekstrarforma.“

Lögvarinn réttur

Þarna er komið að kjarna málsins. Hvað með jafnréttissjónarmiðin og lögvarinn rétt almennings og eins ef ekki er gengið út frá reglum og starfskilyrðum þá getur komið til árekstra á milli þessara tveggja rekstrarforma, því öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjú-



Höfundur er
J. Bryndís Helgadóttir,
framhaldsskólakennari

leika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

Tvöfalt kerfi

Við erum öll sjúkratryggð, en er heilbrigðiskerfið að virða lögvarinn rétt okkar? Tökum aðeins eitt dæmi úr kerfinu. Nú hefur t.d. fjölgað mjög í hópi fólks sem þarf á nýjum augasteinum að halda og var biðtími í okt s.l. samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu að 2068 einstaklingar eru á biðlista (hafa beðið lengur en þrjú mánuði eftir aðgerð). Einkareknar stofnanir mega framkvæma ákveðinn fjölda aðgerða á kostnað

ríkisins, en þeir sem treysta sér ekki til þess að biða árum saman greiða kostnaðinn við augasteinaaðgerðir úr eigin vasa. En samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum þá er einhver smámunur á þeirri upphæð sem viðkomandi greiðir fyrir aðgerð og fer eftir því hvort einstaklingurinn er með afsláttarkort, en upphæðin fer ekki yfir tíu þúsund krónur. Fari viðkomandi hins vegar til einkarekinnar stofnunar þá greiðir hann 175 þúsund krónur, eða 350 þús. kr. fyrir aðgerð á báðum augum. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu segir: „Ef biðtíminn er þrjú ár, hefur ráðuneytið í hyggju að gera öllum borgurum jafnt undir höfði hvað varðar kostnað við aðgerðina.“

Erum við ekki öll sjúkratryggð? Væri ráðuneytinu ekki hollt að fara nú að lita í skýrslurnar sem unnar hafa verið af fagfólki til þess að nýta sér þær upplýsingar sem þar er að finna og vinna eftir þeim. Það þarf að gera þegnumum jafnt undir höfði, í þessu tvöfalda heilbrigðiskerfi sem nú ríkir. Fólk á að geta notið stjórnarskrárbundins réttar síns hvað varðar heilbrigðisþjónustu.

Stytttri vinnuvika

Um þessi mánaðarmót munu tveir starfsstaðir borgarinnar hefja tilraunaverkefni um styttri vinnuviku án launaskerðingar. Hjá Barnavernd Reykjavíkur verður fri eftir hádegi á föstudögum, á meðan þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts mun loka klukkutíma fyrr alla virka daga. Bakvakt og neyðarþjónusta verður að sjálfsögðu sinnt eftir sem áður.

Markmið verkefnisins er að kanna áhrif styttingarinnar á heilsu, vellíðan,

starfsanda og þjónustu með tilliti til gæða og hagkvæmni og verður fjölbreyttum aðferðum beitt til að afla sem besta upplýsinga um alla þessa þætti. Þegar hefur verið framkvæmd könnun á líðan og væntingum starfsfólks til verkefnisins og þjónustukönnun meðal gesta í Árbæ og Grafarholti, fylgst verður með yfirvinnutímum, og veikindum, hreyfingum á málaskrá og upplifunum samstarfsaðila, fyrir, eftir og meðan á verkefninu stendur eftir því sem við á.

Höfundar eru:



Sóley Tómasdóttir,
forseti borgarstjórnar



Magnús Már
Guðmundsson,
varaborgarfulltrúi



Helga Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri BSRB

Rannsóknir sýna að styttri vinnuvika þarf ekki að hafa neikvæð áhrif á afköst eða framleiðni starfsfólks. Þvert á móti getur styttri vinnuvika haft jákvæð áhrif á þessa þætti, auk fjölmargra annarra. Væntingar um hamingjusamara starfsfólk vegna minni streitu og betri frítíma eru því ekki óraunhæfar. Styttri vinnuvika ætti að ennfremur jafna stöðu karla og kvenna með því að stuðla að jafnari ábyrgð á heimilum og jafnari tækifærum á vinnumarkaði.

Vinnuvika Íslendinga er með þeim lengstu sem þekkjast í heiminum og mun lengri en hjá öðrum Norðurlandþjóðum. Ekki verður séð að þessar umfram vinnustundir skili afköstum eða framleiðni sem réttlæta slíkt vinnuframlag og því full ástæða til að láta reyna á annað fyrirkomulag.

Stytting vinnuvikunnar hefur reglulega verið í umræðunni í gegnum tíðina án þess að miklar breytingar hafi átt sér stað. Við trúum því að verkefnið komi til með að hafa jákvæð áhrif á þá þætti sem til skoðunar eru og að tekin verði fleiri og stærri skref í framhaldinu. Þannig vonum við að hægt verði að stuðla að aukinni hagsæld, jöfnuði og lífsgæðum í samfélaginu almennt.

Íþróttafólk Seltjarnarness

Fanney Hauksdóttir kraftlyftingakona og Viggó Kristjánsson handknattleiks og knattspyrnumaður hafa verið valin íþróttafólk Seltjarnarness.

Kjör Íþróttamanns Seltjarnarness fór fram á þriðjudag að viðstöddu fjölmenni í félagsheimili bæjarins. Kjörið hefur verið árviss viðburður síðan 1993, í umsjón íþrótt- og tómsundaráðs Seltjarnarness, sem vill með þessu vekja athygli á gildi íþróttar, stuðla enn frekar að öfluglu íþróttalífi á Nesinu, segir á vef bæjarins.

Fanney sigraði á Íslandsmótinu í bekkpressu í janúar sl. Hún keppti fyrir hönd Íslands á heimsmeistarumótum unglunga í bekkpressu í maí í fyrra og varð heimsmeistari í bekkpressu þegar hún lyfti samtals 135 kg. Hún sigraði bæði í eigin flokki og móttinu í heild. Hún er í sjöunda sæti heimslistans í 63 kg flokki. Hún byrjaði að æfa kraftflyftingar fyrir þremur árum en var áður í fimleikum hjá Gróttu.

Viggó hefur leikið 28 meistara-



flokksleiki í handbolta með Gróttu og skorað í þeim 166 mörk. Það sem af er vetri hefur Viggó verið lykilleikmaður liðsins og markahæsti leikmaður 1. deildarinnar. Þá þykir Viggó hafa lagt mikið af mörkum fyrir Gróttu, meðal annars í dómgæslu á mótum yngri flokka.

Viggó gekk til liðs við knattspyrnu-deild Gróttu síðasta vor eftir að hafa dvalið hjá úrvalsdeildarliði Breiðabliks í tvö ár.

MENNINGIN

Fjölbreytt dagskrá í sex menningarhúsum

„Undanfarna mánuði hafa staðið yfir miklar endurbætur á efri hæð Gerðubergs. Veitingaaðstaðan hefur verið færð til og opnað hefur verið inn í bókasafnið og sýningarrýmmin. Nýr veitingaaðili tekur nú fljótlega við rekstri á nýju og glæsilegu kaffihúsi sem mun bjóða upp á ljúffengan hádegisverð og huggulegar kaffiveitingar. Segja má að nú sé loksins komið hið eina sanna hverfiskaffi í Breiðholtið sem við hvetjum íbúa til að heimsækja.“ segir Guðrún Dís Jónatansdóttir, deildarstjóri viðburða, fræðslu og miðlunar hjá Menningarhúsinu Gerðubergi og Borgarbókasafni sem sameinuðust um áramótin.

Bókasafnið griðarstaður
Guðrún Dís segir megin ástæðu sameiningarinnar vera að styrkja hlutverk starfsstaða Borgarbókasafnsins sem menningarmiðjur í hverfum borgarinnar með aukinni áherslu á viðburði og fræðslu árið um kring. Á safninu, sem er stærsta menningarstofnun Reykjavíkurborgar, starfi 110 manns og áætlað er að 695 þúsund gestir heimsæki safnið á þessu ári eða um

2.000 manns á dag. Hún segir áherslu lagða á að bókasafnið sé þriðji staðurinn, griðarstaður í amstri dagsins þar sem hægt er að njóta, læra, taka þátt og styrkja andann.

Kaffihús Breiðhýltinga

Viðburða- og sýningarhald í Gerðubergi verður áfram jafn fjölbreytt og verið hefur og segir Guðrún Dís að gestir muni líklega ekki verða varir

við svo miklar breytingar þar. Nýtt blað „Bókaðu daginn“ verður gefið út fimm sinnum á ári þar sem verður að finna viðburðadagatal, greinar og fróðleiksmola um það sem er á döfinni.

Gestir hafa látið í ljós mikla ánægju með breytingarnar á efri hæðinni í Gerðubergi og að sögn Guðrúnar Dísar eru þeir meðvitaðri um það sem er í boði í húsinu. Þannig sé meira um að fólk komi bæði á bókasafnið og skoði sýningar auk þess sem allir bíði spennitir eftir opnun nýja kaffihússins.

„Við höfum lagt á það mikla áherslu við nýja rekstraraðila að kaffihúsið eigi að vera kaffihús Breiðhýltinga. Hér á að vera hægt að droppa við í kaffi hvenær sem er, hitta vinina, hanga á netinu, skreppa á tónleika og fá sér gott að borða á eftir.“ Áfram verður boðið upp á viðburði á kaffihúsinu á miðvikudagskvöldum eins og verið hefur og verður þetta misserið til skiptis handverkskaffi, sagnakaffi, heimspekikaffi og leikhúskaffi. Hið síðastnefnda er nýtt á nálinni en það er í samstarfi við Þjóðleikhúsið þar sem spjallað verður um íslensk skáldverk sem sett eru á svið í leikhúsinu. Í sagnakaffinu segir unga fólkið sögur í tali og tónum og mun Svavar Knútur næst segja sögur af hafinu. Þá geta gestir einnig fengið að spreyta sig á sagnahefðinni.

Hvert menningarhús sérstakt

Eftir sameininguna eru menningarhúsin sex, Gerðuberg, Grófin, Spöngin, Kringlan, Árbær og Sólheimar og hefur hvert þeirra sína sérstöðu hvað varðar húsnæði, aðstöðu og tengingu við íbúana í hverju hverfi fyrir sig. Leitast verður eftir að þróa dagskrána í samráði við íbúa, gesti og samstarfsaðila í hverfunum en einnig að taka mið af heildardagskránni í öllum menningarhúsum. Guðrún Dís segir þegar sé farið að gera tilraunir með starfið og nefnir sem dæmi Heimsdag barna sem haldinn var hátíðlegur á Vetrarhátíð. Í fyrsta sinn hafi verið farið í „útrás“ og boðið upp á Heimsdag með tilheyrandi listasmíðjum fyrir börn og fjölskyldur á fjórum stöðum. Heppnaðist dagurinn vel og segir hún að sama fyrirkomulag verði endurtekið á næstu árum.

„Við munum leggja mjög mikla áherslu á barnamenningu og ríka áherslu á að sófnin séu griðastaður fjölskyldunnar, aðstaðan sé góð og fólk geti bæði notið samveru í ró og næði og sótt viðburði þegar það á við. Við erum einnig að skoða flöt á að auka tónleikahald og bjóða upp á tónlist á fleiri stöðum en í Gerðubergi.“

Þá verður áfram boðið upp á viðburði og sýningar tengdum bókmenntum í samstarfi við Bókmenntaborgina en á nýrri fyrirlestraröð í Grófinni verða kynnt fræðirit og kennslubækur sem Hagþenkir tilnefndi nýverið til verðlauna sem veitt verða í byrjun mars.

Mjög spennandi tækifæri

Aðspurð hvernig sameiningin hafi gengið segist Guðrún Dís líta á ferlið sem ákveðna þróun. „Ég er hér í nýju hlutverki, hef látið af störfum

Hildur Björgvinsdóttir



sem forstöðumaður Gerðubergs og leiði nú nýja deild viðburða, fræðslu og miðlunar sem vinnur þvert á alla starfsstaði Borgarbókasafnsins. Það hefur verið heilmikil vinna að undirbúa sameininguna og það er auðvitað að mörgu að huga. Í þessu felast að mínu mati mörg spennandi tækifæri og þetta er fyrst og fremst þróunarvinna. Breytingarnar verða ef til vill ekki mjög hraðar en framtíðarsýn okkar er mjög skýr. Við stefnum að því að Borgarbókasafnið festi sig betur í

sessi sem menningarmiðja í hverfum borgarinnar og deildinni er ætlað mjög mikilvægt hlutverk í þeirri vegferð. Hún bætir við að nær daglega berist óskir um ýmskonar samstarf og telur hún afar jákvætt að fólk upplifi bókasöfnin sem sinn vettvang til fræðslu, viðburða- og sýningarhalds.

„Svo það er um að gera að fylgjast vel með dagskránni, skrá sig á fréttabréfspóstlistann okkar og kíkja á nýju heimasíðuna okkar www.borgarbokasafn.is.“

Ekki missa af ...

...Stockfish European Film Festival in Reykjavík. Þessari miklu kvikmyndahátíð sem haldin



hefur verið í samvinnu Heimilis Kvikmyndanna, Bíó Paradís og fagfélaga í kvikmyndaiðnaði hérlendis lýkur um helgina. Þó er verður enn hægt að sjá fjölmargar myndir nú um helgina en dagskrá má finna á vefnum <http://stockfishfestival.is/>.

...Annar tenór – en samt sá sami: Haustið 2003 var Tenórinn frumsýndur og fór sýningin víða um land við góðar undirtektir. Í kvöld verður sýningin „Annar tenór – en samt sá sami“ frumsýnd í Iðnó. Verkið gerist rúmum ellefu árum síðar en það fyrra og hefur ýmislegt á daga tenórsins og undirleikarans drifið. Ung velmeinandi kona sem sér um tæknimálin hefur auk þess bæst í hópinn en alheimssöngvaranum finnst ekki mikið til hennar koma. Verkið er fullt af tónlist, allt frá dægurlögum til óperuaria. Leikendur eru Guðmundur Ólafsson, Sigursveinn

Magnússon og Aðalbjörg Þóra Árnadóttir. Leikstjóri María Sigurðardóttir.

...Ljóðasöng í Hannesarholti: Mezzosópransöngkonan Rannveig Friða Bragadóttir mezzosópransöngkona og Gerrit Schuil píanóleikari munu flytja nokkur af frægustu sönglögum Franz Schubert á Ljóðasöngstónleikum í Hannesarholti á morgun, 1.mars kl.16. Þetta verða fjórðu tónleikarnir af röð sex ljóðasöngstónleika, 29. mars syngur Hanna Dóra Sturludóttir og 3.mai Þóra Einarsdóttir. Tónleikarnir standa í klukkutíma og er miðaverð 2.500kr. Miðar eru seldir við innganginn en sætafjöldi er takmarkaður og því hægt að tryggja sér miða á midi.is

...Bakarofninum í Gaflaraleikhúsinu: Bakarofninn er barnafarsi fyrir alla fjölskylduna eftir þá Gunnar Helgason og Felix Bergson. Í verkinu opna þeir veitingastaðinn „Bakarofninn“ en lenda í vandræðum með iðnaðarmann á sama tíma og þeir eiga von á grimmum matargagnrýnanda. Aðrir leikarar eru Elva Ósk Ólafsdóttir og Ævar Þór Benediktsson eða Ævar vísindamaður. Leikstjóri er Björk Jakobsdóttir.

ÚTTEKT

Hvað varð um Valentínus?

Síðasta dag janúarmánaðar árið 2012 var hvítu sendibifreið ekið eftir Reykjanesbraut. Ökumaðurinn, Snævar Valentínus Vagnsson, var staðráðinn í að koma fyrir sprengju við steinhleðslu stjórnarráðsins. Skömmu eftir sex leggur hann bifreiðinni við Þjóðleikhúsið og gengur að stjórnarráðinu með kassa í hönd. Í kassanum er heimagerð sprengja: Kókflaska full af etanóli. Meðfylgjandi eru skilaboð sprengjumannsins: „Ég dragi til baka Evrópusambandsumsóknina, hætti þátttöku í Schengen, þyngti kvótakerfinu strax og endurskoðaði EES-samninginn.“

Misheppnuð sprengjutilraun

Undirbúningur og áætlunargerð gerir ekki ráð fyrir öllu. Þegar á reyndi var Valentínus ekki einn við stjórnarráðið þennan morgun. Hópur fólks beið eftir strætisvagni eins og aðra morgna.

Valentínus sagði í samtali við DV í apríl árið 2012 að þarna hefði efinn lægst að honum. „Það var fólk í strætóskýlinu og þá ætlaði ég að hætta við.“ Hann snéri við og gekk til baka upp Hverfisgötu. „Ég var með fjarstýringu fyrir sprengjuna, en ég klikkaði svolítið. Þegar ég var á leiðinni aftur uppeftir þá hélt ég á sprengjunni við lærið á mér, en snéri rofanum á kassanum óvart að mér og rak hann í mig.“ Með logandi lærið hjóp Valentínus átt að bilunum. Hann heyrði seinni sprenginguna um

þrjátíu sekúndum síðar. „Sem betur fer hætti ég ekki við,“ segir hann. „Það má segja að örlögin hafi tekið í taumana og leyft mér að gera þetta. Ég fór bara heim, þetta var búið,“ segir hann. „Ég gáði svolítið oft í baksýnispegilinn – ég viðurkenni það – en þessi sprengja hefði ekki gert flugu mein eftir að ég fór.“

Ekki tekið alvarlega

Tilraun Valentínusar var raunar aldrei tekin alvarlega og ef til vill var aldrei nein sérstök hættu. Þegar litið er til baka má sjá að lögregla var ekki tilkynnt um málið fyrr en löngu eftir að vitni úr strætóskýlinu höfðu hringt í neyðarlínuna. Ríkisstjórn landsins fundaði sama morgun í stjórnarráðinu en ekki þótti ástæða til að rýma

bygginguna og því hófst fyrirhugaður ríkisstjórnarfundur líkt og ekkert hefði í skorist. Myndbandsupptaka af klaufalega hryðjuverkamanninum - hlaupandi um logandi - flaut um samfélagsmiðla og vakti kátínu. Lögregla lýsti eftir feiltögnum og lágvöxnum manni um fimmtugt sem sést hafði flýja af vettvangi. Lýsing sem vakti hlátur. Valentínus gerði seinna athugasemd við þessa lýsingu og taldi hana ekki réttmæta lýsingu á eigin líkamsburðum. Nokkrum vikum eftir málið var Valentínus til viðtals í DV. Myndskreytingin var ljósmyndir af Valentínusi, annars vegar af honum horfandi á stjórnarráðið og hins vegar honum í hvíta sendibílnum. Eftirmál urðu engin fyrir Valentínus. „Þetta mál er löngu liðin tíð,“ segir Valentínus í samtali við Reykjavík vikublað.

- Urðu einhver eftirmál? „Nei, nei eða jú ég fór til lögreglu. Ég gekkst við málinu og það var ekkert gert meira í því. Engar sektir eða neitt. Ég þurfti að liggja eina nótt á hörðum steini.“ Valentínus taldi ekki ástæðu til að rifja upp sprengjutilræðið í sömu andrá og hryðjuverkavá eru rædd. „Ég held nú



að ég sé ekkert þar inni.“ - Þú tókst þá ákvörðun að koma sprengju fyrir í opinberu rými, settir hana saman, skrifaðir pólitísk skilaboð og sprengdir hana að lokum.

„Ja, sko jú, jú, það er bara þannig og ég var að reyna að vekja athygli á því að mér líkaði ekki þessir stjórnarhættir.“

Vildi ekki mannskaða

Hugtakið hryðjuverk felur ekki í sér kröfu um að aðgerðir heppnist. Hugtakið er þannig lýst til að lýsa einstaklingum sem aldrei fæmdu verkið sjálf en hafa aðeins skipulagt slík verk. Þeir sem sýnt hafa skýra ætlun til aðgerðar sem með kúgun eða ótta á að kynda undir pólitískar breytingar eða málsstað eru hryðjuverkamenn. Yfirvöld geta gerst sek um hryðjuverk eins og óbreyttir borgarar. Markmið Valentínusar var að vekja athygli á eigin pólitísku markmiðum með aðgerð sem hönnuð var til að vekja athygli á þeirri von að ná fram pólitískum breytingum - mannfall er ekki hluti af kríteriunni. Það er svo til happs að Valentínus er ekki mjög hæfur í þessu hlutverki sem hann valdi sér. Valentínus segir í viðtalinu við DV að hann hafi ákveðið að gera þetta svona snemma vegna þess að hann vildi að sem fæstir væru á ferli. Það kemur einnig fram að hann hafði smíðað sprengjuna nokkrum dögum áður. Þótt aðdragandinn væri stuttur er erfitt að færa rök fyrir því að hér hafi verið um stundaráhræði að ræða. Þá kemur fram að ætlunin var að ganga mun lengra. „[Sprengjan] átti að fara til Jóhönnu [Sigurðardóttur, þáverandi forsætisráðherra,] en ég fann ekki hvar hún á heima,“ sagði Valentínus við DV. Þess skal getið að Jóhanna býr í blokk á og sér nágretta sem væntanlega töldu málið alvarlegra en umfjöllun og viðbrögð gáfu til kynna.

Vilja forvirkar heimildir

Viðbrögð lögreglu við sprengjutilræði Valentínusar árið 2012 hljóta að vekja sérstaka athygli nú þegar Ólöf Nordal innanríkisráðherra hefur margsinnis á skömmum tíma talað fyrir því „að opinnska og lýðræðisleg umræða fari fram um hvort komið verði á fót þjóðaröryggisdeild til að mæta hryðjuverkaógninni.“ Valentínus játaði verknadinn, lögregla hafði undir höndum vitni og myndbandsupptöku auk þess sem hann tjáði sig við fjölmiðla. Það er því ekki vegna skorts á forvirkum rannsóknarheimildum sem lögreglan ákvað að taka málið ekki alvarlega. Í hundruðustu grein almennra hegningalaga segir: „Fyrir hryðjuverk skal refska með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólöglegum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmalalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar.“ Lögin útlista um leið hvað má refska fyrir allt frá hótunum til manndráps. Ólöf flutti erindi um löggæslu og öryggismál í alþjóðasambengi á fundi Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu og alþjóðamál í upphafi mánaðarinnar. Spegill RÚV fjallaði um málið í kjölfarið og vitnaði í skýrslu frá árinu 2006, sem unnin var fyrir Björn Bjarnason, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra. Í henni var lagt til að stofnuð yrði þjóðaröryggisdeild innan embættis Ríkislögreglustjóra sem hefði forvirkar rannsóknarheimildir. Það yrði í raun eins konar leyniþjónusta sem hefði heimildir til að hlerana og upplýsingaöflunar í





Atli Þór Fanndal



forvarnarskyni. Gert var ráð fyrir að 25 til 30 starfsmönnum. Rökin fyrir því að koma á fót leyniþjónustu hér á landi voru þá og eru reyndar enn að með slíkri stofnun geti Ísland átt í samvinnu við aðrar stofnanir af sama toga í útlöndum.

Blessuð umræðan

Spegillinn spurði Ólöfu hvað hún vildi gera og ræða? „Það sem ég vil vekja athygli á er að þetta á ekki að vera tabú umræða. Það skiptir máli fyrir öryggi borgaranna að við séu viss um að við búum ekki við falskt öryggi. Við skulum alla vega tryggja það að við búum ekki við falskt öryggi. Það er eiginlega sú umræða sem ég vil hefja.“ Það skal tekið fram að ráðherrar eru umtalsvert áhrifameiri en almennigur. Stöðunni fylgir beint vald til að semja og leggja fram frumvörp sem falla að stefnu á áhugasviði ráðherranna. Tilfelli þar sem ráð-

herrar vilja opinskáa umræðu um hugðarefni sín eru iðulega undanfari frumvarps og aðgöngu oftast en ekki umdeilda. Krafa lögreglu um forvirkar rannsóknarheimildir, aukna vopnavæðingu og rýmri heimildir er ekki ný á nálinni. „Það er mikilvægt að við getum rætt með opnum huga öryggismál landsins og þær heimildir sem lögreglan þarf að hafa til þess að viðhalda öryggi hér í landinu. Innanríkisráðuneytið mun leggja sitt af mörkum til þess að slík umræða fari fram. Ég held að það sé eina leiðin til þess að ná árangri,“ sagði Ólöf við Morgunblaðið fyrir í vikunni en blaðið fjallaði ítarlega um áhuga ráðherra á opinskárra umræðu um þjóðaröryggi. Innanríkisráðherra taldi eins og fyrr í mánuðinum, þegar hún ræddi við Spegilinn, ekki tímabært að leggja efnislega til umræðunar með því að ræða einstaka fyrirætlanir sínar. Þá hefur hún ekki lagt áherslu á að al-

menningi verði gert grein fyrir því hvort Lögreglan sé raunar hæf til að vinna innan eigin heimilda.

Búsáaldaskýrslan

Á síðasta ári var lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu gert að afhenda Evu Hauksdóttur aðgerðir og svokallaða búsáaldaskýrslu lögreglunar. Skýrslan staðfestir rækilega að lögreglumenn hafa tamið sér skráningu á stjórnmalaskoðunum fólks þrátt fyrir að ekki sé lagaheimild fyrir slíku. Þá kemur fram kerfisbundin andúð lögreglunar á Vinstri grænum og þá sérstaklega Álfheiði Ingadóttur, þingkonu flokksins, en innan lögreglunar virðist langvarandi samsæriskenning um að flokkurinn og þá sérstaklega Steingrímur J. Sigfússon og Álfheiður hafi í raun fjarstýrt búsáaldabyltingunni. Það kemur fram í skýrslunni að lögreglan fylgdist sérstaklega með þeim mótmælendum sem taldir voru aðhyllast anarkisma, bæði meðan búsáaldabyltingin stóð yfir og eftir að henni lauk. Eru leiddar að því líkur að Kaffi Hljómalind, kaffihús sem starfrækt var á Laugaveginum í nokkur ár, hafi verið samkomustaður anarkista og þaðan hafi mótmælanagerðir verið skipulagðar. Þrátt fyrir skjalfest dæmi um slíka skráningu gerði lögreglan lítið úr málinu á fundi með stjórnskipun og eftirlitsnefnd. Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins fullyrti á fundinum að lögreglan haldi ekki skrá yfir stjórnmalaskoðanir fólks.

Lögreglan og nýir ráðherrar

Krafa lögreglunar um auknar rann-

sóknarheimildir er kerfisbundin en óvinsæl. Það er því orðin regla frekar en undantekning að þegar nýr ráðherra dómsmála tekur við embætti að umræða um málið birtist í fjölmiðlum. Það ætti því ekki að koma lesendum á óvart að um leið og innanríkisráðherra vill sem minnst tjá sig efnislega um málið treystir hún sér þó til að gefa út að rétt sé að skoða hvort veita eigi lögreglunni forvirkar rannsóknarheimildir til að koma í veg fyrir að alþjóðleg glæpa- og hryðjuverkasamtök nái fótfestu hér á landi. Nær allir dómsmálaráðherrar síðasta áratug hafa lagt til eða verið hlýntir því að heimila forvirkar rannsóknir. Á eftir Birni Bjarnasyni, sem var mikill stuðningsmaður forvirka heimilda, settist Ragna Árnadóttir í stól dómsmálaráðherra. Hún stefndi að því að leggja fram frumvarp um forvirkar rannsóknir en ekkert varð úr því. Ögmundur Jónasson lagði fram frumvarp um að rýmka heimildir til forvirkra rannsókna en þó aðeins að undangengnum dómsúrskurð. Það taldi lögregla ekki nægja. Rýmkaðar heimildir ásamt málefnum flóttamanna eru pólitískt erfið mál fyrir alla innanríkisráðherra. Þau vekja miklar tilfinningar, snerta á grundvallaratriðum réttaríkisins og auka í eðli sínu getu yfirvalda til eftirlits og valdbeitingar.

Krafa um opinskáa umræðu ætti því að innihalda kröfu um að slík grundvallaratriði séu rædd í þaula. Um leið vaknar spurningin um hvers vegna heimildir til rannsóknar og kærur voru ekki nýttar í tilfelli Valentínusar, sem sannarlega skipulagði og sprengdi

sprengju við stjórnarráðið með það í huga að vekja ótta og athygli á stjórnmalakröfum sínum. Dæmið er allavega nærtækara en Íslamska ríkið.

Óttastjórnsmál

„Það eru meiri líkurnar en minni á því að það verði framið svona voðaverk af einhverju tagi hér á landi á næstu 5-10 árum,“ sagði Jón F. Bjartmarz, yfir-lög-regluþjónn hjá embætti ríkis-lög-reglu-stjóra, á fundi hjá Varðbergi í apríl árið 2012, en þar var fjallað um hryðjuverk Anders Behring Breiviks í stjórnverfi Oslóar og aftöku á 77 ungum jafnaðarmönnum. Á sama fundi sagði hann að í huga almenningssins væru hryðjuverk á Íslandi fjarlægur mögu-leiki. Hann varaði við því að menn vanmættu hættuna eins og Norðmenn hefðu gert. Það væri líka staðreynd að þegar viðbúnaður væri aukinn í einu landi skapaðist aukin hættu í öðru landi sem ekki væri með sama viðbúnað. Félagið Varðberg er því sem næst samofið stuðningi við Atlants-hafsbandalagið, NATO. Formaður þess er og hefur árum saman verið Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra. Félagið er gjarnan nýtt til pólitískrar prufukeyslu á auknum heimildum lögreglu. Áhugasvið félagsins er oftast en ekki erlend ógn fremur en innlend. Fingraför félagsins á umræðu um rannsóknarheimildir lögreglu í kjölfar hryðjuverka og tilfallandi ótta í kjölfarið eru kerfisbundin, fremur en tilviljun.

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenskurmatur.is



Svavar Halldórsson

Bráðskemmtilegur bakaraofn

Í sögu heimsbókmennta, leiklistar og kvikmynda hafa matsölustaðir af ýmsu tagi verið sögusviðið eða skipt sköpum varðandi framvindu. Enginn mafíósastjóri í bíómynd er trúverðugur nema að hann sitji dagana langa við skuggalegt borð úti í horni á ítalska veitingastaðnum sínum. Væru Dýrin í Hálsaskógi sama perlan ef í verkið vantaði Héraðsstubb og bakarið hans – eða piparkökusönginn. Matur stendur okkur nærri og flestir geta samsamað sig með hrakföllum eða ævintýrum í eldhúsum og við matseld.

Ærslafullur gamanleikur

Gaflaraleikhúsið hefur sett upp skemmtilegan ærslaleik sem þar sem þeir Gunnar Helgason og Felix Bergsson – eða Gunni og Felix – fara á kostum. Verkið heitir Bakaraofninn og gerist á samnefndum veitingastað. Von er á grimmum matargagnrýnanda og ekkert er tilbúið. Atburðarrásin einkennist af klaupaskap, misskilningi og vanmætti þeirra Gunna og Felix eftir því sem stóra stundin nálgast. Furðulegur iðnaðarmaður sem reynist hálfgerður hamskiptingur og framliðin amma eru skemmtilegt krydd í þennan ærslaleik.

Einvala lið

Jafnvel þótt verkið sé fyrst og fremst ætlað börnum þá sækja höfundar

efnivið í bókmenntir og þjóðmál og húmor handa hinum fullorðnu er aldrei langt undan. Tónlistinn skipar veglegan sess en þar nýtur Gaflaraleikhúsið krafta Mána Svavarssonar. Leikstjóri er Björk Jakobsdóttir, eiginkona Gunnars Helgasonar. Auka þeirra Gunna og Felix leika í verkinu þau Elva Ósk Ólafsdóttir og edduverðlaunahafinn Ævar Þór Benediktsson, betur þekktur sem Ævar vísindamaður. Allir leikararnir fara á kostum.

Frábær skemmtun

Bakaraofninn er vel heppnaður farsí og frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Það var samdóma álit allra ungangana á heimili undirritaðs eftir sýningu að þetta hafi verið hin besta skemmtun. Leikmynd, ljós, hljóð og

annað slíkt var vel útfært og sniðugt þótt það markist vissulega af rýminu sem er í boði. Svo er bara að bíða og sjá hvort tónlistinn komi ekki út á geisladiski fyrir næstu jól. En hvers vegna að skrifa um leiksýningu á matarsíðu? Jú, augljóslega er snertiflötur þar sem verkið gerist að öllu leyti á veitingastað. En það er fleira sem kemur til.

Leynd matarskilaboð

Í verkinu leynast litlir og áhugaverðir molar sem gefa því meira vægi og vigt. Eitt er það hvernig vel heppnaður og góður matur er skilgreindur. Hann er dæmigerður íslenskur heimilismatur – og hollur. Vondi og misheppnaði maturinn er hins vegar stútfullur af óæskilegum efnum, t.d. salti, eða illskilgreinanlegum þrifaefnum, sem gefur þau skilaboð að við verðum að vita hvað er í matnum okkar – það sé ekki í lagi að borða hvað sem er. Síðan hverfist allur farsinn um rullu með þúsund ára gömlum alíslenskum uppskriftum. Í henni hlutgervist allt það sem er gott, hreint, hollt og fallegt við mat. Skilaboðin sem eftir sitja í hugum ungvíðisins eru sem sagt þau að heimilismatur sé góður og æskilegur. Á mínu heimili var a.m.k. beðið um fiskibollur í kvöldmatinn.



Grafarholt:

Andstaða við bensínstöð

Töluverðar umræður hafa verið um staðsetningu bensínstöðvar ÓB við Kirkjustétt í Grafarholti. Stöðin er steinsnar frá Ingunnarskóla og fullyrða sumir að skólabörn séu sett í mikla hættu með þessu fyrirkomulagi. Margir lýsa mikilli andstöðu við að bensínstöð sé örfáa metra frá grunnskóla.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, blandar sér í umræðuna. Hann minnir á tillögu um flutning bensínstöðvarinnar sem

hann fékk samþykka í skóla og frístundaráði árið 2012 um að flutningur bensínstöðvarinnar yrði kannaður. „Árum saman hafa foreldrar barna í Ingunnarskóla gert athugasemdir við staðsetningu stöðvarinnar svo nærri fjölmennasta skóla hverfisins og m.a. kvartað yfir því að í ákveðnum vindáttum berist benzínfnykur inn í skólahúsnæðið,“ segir meðal annars í tillögunni. Þarna er bensínstöðin þó enn. Enn finnst lyktin og íbúar ræða hvaða leiðir séu færar í málinu.



Hér má sjá bensínstöðina í forgrunni. Vinstra megin má sjá fristundaheimilið Fókus sem er í bárujárnshúsinu. Grái skúrinn hægra megin við bensínstöðina er færarleg kennslustofa við skólann og þar að baki er aðalbygging Ingunnarskóla.
Mynd: Júlíus Helgi Eyjólfsson.

Menningarmiðstöð í vetrarfríi:

Djasstríó í sundlauginni

Margt var í boði í vetrarfríi grunnskólanna í Vesturbænum síðustu daga og ekki var að sjá á öðru en krakkarnir og foreldrar þeirra væru að taka virkan

þátt. Þegar titið var við í sundlaug Vesturbæjar í gær var mikið um að vera, t.d. var verið að sýna bíómynd, hljómsveit spilaði fyrir gesti í anddyri sundlaugarinnar, þá var samsöngur og boðið var

upp á kakó og ýmislegt fleira. Það var Frístundamiðstöðin Frostaskjól sem stóð fyrir þessum viðburði eins og öðrum tengdum vetrarfríi grunnskólanna í Vesturbæ.



BAKSÍÐAN



Björk Þorleifsdóttir

Þetta er allt að koma!

Ég er fædd að vorlagi og finnst vorið eðlilega skemmtilegasti tími ársins af þeim sökum. Á vorin eru dagarnir svo sannarlega orðnir bjartir og maður verður fullur bjartsýni á að sumarið verði æðislegt enda nær gullfiskaminnið ekki aftur til síðasta (rigninga) sumars.

Ég finn mér eitt og annað til dundurs á meðan ég bíð eftir vorinu. Ég fylgist til dæmis með því í Almanaki Háskólans hvernig dagarnir verða lengri. Dagurinn í dag er þannig sjö mínútum lengri en gærdagurinn og fimm klukkustundum og 54 mínútum lengri en stysti dagur ársins sem er nú svolítið merkilegt þar sem stysti dagurinn er ekki nema fjögurra klukkustunda og átta mínútna langur. Það er nú eitthvað! Ef vel er að gáð, má sjá vorlauka gægjast upp úr moldinni þar sem vindurinn hefur feykt snæhulunni í burtu og vetrargosarnir eru meira að segja farnir aðs blómstra í Alþingisgarðinum.

Ég læt mig dreyma um að vindurinn feyki lóunni hingað aðeins fyrir tím-ann og hún beri með sér hlýja vinda að sunnan. Það er alveg kominn tími á dirrindí vorboðans okkar, hnegg hrossagauksins og vellandi spóa þó svo ég myndi dauðvorkenna þessum greyjum í umhleypingunum sem dynja á landanum. Þessa síðustu daga febrúar á meðan slydduélið ber gluggana að utan og ég horfi á fótgangendur fjúka leiðar sinnar og á milli þess sem ég bölsóta Veðurstofunni (enda þótt ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta veður sé ekki henni að kenna)fer ég með möntruna: „Já, þetta er allt að koma – vorið er alveg að koma!“